

Áskorun til stjórnvalda

Samkvæmt ráðleggingum sóttvarnalæknis og Almanna-
varna hafa margir sem tilheyra skilgreindum áhættuhópum
vegna Covid-19, lokað sig af í sjálfskipaðri sóttkví.

Þetta geta verið eldri borgarar, fatlað og langveikt fólk eða einstæðingar.
Hættan er að hópar fólks einangrist og fái ekki þá aðstoð sem það þarf.

Það getur til að mynda falist í einföldum hlutum
eins og að kaupa inn nauðsynjar, sækja lyf
eða einfaldlega að hafa einhvern til að tala við.

**Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband eldri borgara
skora á stjórnvöld að gleyma engum
í því neyðarástandi sem nú ríkir.**

Skiljum engan eftir!



**Heildarsamtök
fatlaðs fólks á Íslandi**



LEB
Landssamband
eldri borgara